



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

**Hlutverk stjórnarmanna í lífeyrissjóðum**  
**Erindi flutt á ráðstefnu ASÍ í Þjóðmenningarhúsi**

**11. júní 2009**

**- Stefán Einar Stefánsson -**

Fundarstjóri, forseti Alþýðusambandsins, góðir fundarmenn,

ég fagna mjög því framtaki ASÍ, að kalla okkur saman hér í dag til þess að ræða hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í lífeyrissjóðum. Sú umræða er raun og veru tvíþætt, lagaleg og siðferðileg. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að lagaleg hlið viðfangsefnisins sé í góðu horfi, enda skipar lögfræðin veglegan sess í samfélagi okkar og raunverulegt sérfræðingaveldi vakir yfir flestu því sem gerist og gengur í tengslum við fjármagn og fjárfestingar hér á landi. Nú kann einhver að hreyfa andmælum við þessari fullyrðingu minni og vísa til þeirra atburða sem leiddu til bankahrunsins í október síðastliðnum, þ.e.a.s. að ef lögum og reglum hefði verið fylgt og sérfræðingaveldið í raun staðið sig í stykkinu, hefði þetta aldrei gerst. En staðreynd málsins er sú að vandinn liggur ekki í hinu lagalega umhverfi eða þeirri ráðgjöf sem lögfræðingar hafa veitt fjárfestum og bankastofnunum á síðustu árum. Vandinn felst í því að öll áhersla, allur þungi lá á þeim þætti í starfsemi fjármálakerfisins sem sneri að lögfræðilegum tækniatriðum en ekki að þeim þætti sem ég nefndi hér að ofan og kalla má hinn siðferðilega. Hraðinn var svo mikill og markaðir svo kvikir að menn höfðu ekki tíma fyrir hin „mjúku mál“ eins og sumir kölluðu það fyrir örfáum misserum síðan. En það var ekki endilega meðvitað sem menn ýttu hinum „mjúku málum“

til hliðar, ekki af illum huga sem menn létu þessi mál lönd og leið. Sennilegri skýring og eflaust sanngjarnari felst í því að menn hafi skort siðferðilegt innsæi, það innsæi sem mannlegt samfélag hefur glímt á öllum öldum við að skilja. Siðferðilegar vangaveltur hafa nefnilega einatt verið afgreiddar á síðustu árum, með þeim hætti að þar ráði persónuleg afstaða för og að engin ein hugmynd eða afstaða sé annarri réttari – afstaðan til siðferðilegra gilda sé einfaldlega afstæð og því óþarft að eyða orku og tíma í að greina málin út frá því sjónarhorni. Og það er út frá afstöðu af þessu tagi sem stjórnir fyrirtækja og jafnvel lífeyrissjóða einnig, hafa lagt áhersluna á lagalega þáttinn, eins og ég nefndi hér að ofan, fjármálalegan þátt rekstursins, kennitölur, og efnahagsreikninga, fremur en að kafa dýpra og skyggvast lengra, horfa til þeirra djúpstæðu áhrifa sem fjármagnið hefur á samfélag okkar og raunar heiminn allan. En það viðfangsefni er svo mikilvægt að lífeyrissjóðir þurfa að takast á við það, enda hefur þeim verið komið á fót til þess að hafa jákvæð áhrif í fjarlægri framtíð, ekki síður en í núinu. Þeir hafa sérstætt mark og mið í samfélaginu.

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda kveður á um það með hvaða hætti rekstri lífeyrissjóða skuli háttað. Þar er stjórnnum þeirra gert að setja verklagsreglur um þau verðbréfavíðskipti sem sjóðurinn á í á hverjum tíma. Skulu þær reglur staðfestar af fjármálaeftirlitinu. Þá segir einnig í VII. kafla sömu laga, er fjallar um fjárfestingastefnu sjóðanna, að þeir skuli við mótun stefnunnar hafa „hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.“ Setur Alþingi auk þess skilyrði er lúta að eignasafni sjóðanna og með hvaða hætti fjárfestingum skuli skipt milli hlutabréfa- og skuldabréfamarkaða.

Þrátt fyrir þau markmið sem lögini setja lífeyrissjóðunum um hámarks ávöxtun í ljósi þeirrar áhættu sem ásættanleg telst er ekki algjör samstaða um starfsemi lífeyrissjóðanna. Telja ýmsir að sá mikli slagkraftur sem fylgir eignastöðu

þeirra, ætti að nýtast ákveðnum hópum samfélagsins með augljósari hætti en nú og ekki síður að mikilvægt sé að koma í veg fyrir að sjóðirnir geti með gáleysislegum hætti, eða fyrir mistök, tekið þátt í, eða orðið valdir að því að skaða samfélagið að hluta til eða í heild.

Báru lífeyrissjóðirnir t.a.m. einhverja ábyrgð á því hvernig fór í haust? Hin siðferðilega hlið á ábyrgð stjórnarmanna lífeyrissjóðanna spyr spurninga af þessu tagi og leggur þær skyldur á herðar þeirra, að þeir gefi þeim gaum og geri sér grein fyrir því að siðferðileg gildi eru ekki afstæð, þó þau liggi ekki eins í augum uppi og rekstrartölur lífeyrissjóða eða margföldunartaflan sem við lærðum í grunnskóla. Þau eru að minnsta kosti ekki afstæðari en svo að á hverjum degi tökum við, hvert og eitt, ákvarðanir sem lúta að breytni okkar og svörum í því tilliti siðferðilegum spurningum. Getum við í alvöru sagt að sú afstaða okkar sé algjörlega afstæð? Því fer auðvitað víðsjarri.

Til þess að undirbyggja þessa fullyrðingu mína langar mig til þess að veita ykkur örlitla innsýn í starfsemi og uppbyggingu norska lífeyrissjóðsins, sem oftast er nefndur norski olíusjóðurinn og flestir horfa öfundaraugum til. Í rannsókn þeirri sem ég gerði á íslenska lífeyrissjóðakerfinu í upphafi síðasta árs reyndist það mér dýrmæt lexía að skyggjast inn í það starf sem unnið hefur verið á vettvangi lífeyrismála frænda okkar í austri.

### **Dæmisagan frá Noregi**

Nú eru tæp fjórtíu ár liðin frá því að Norðmenn uppgötvaðu gríðarmiklar olíuauðlindir innan efnahagslögsögu sinnar. Í kjölfarið hófu þeir umfangsmikla olíuframleiðslu og teljast til mestu útflytjenda á eldsneyti í veröldinni. Fljótlega bar á umræðu um mikilvægi þess að þeim auðæfum sem fólgin væru í hinu svarta gulli væri varið með skynsamlegum hætti. Ríkisstjórn Trygve Bratteli (1973-1976) var hin fyrsta til þess að fjalla um viðfangsefnið en það gerði hún í skýrslu til norska Stórþingsins. Þar áréttaði ríkisstjórnin fyrrgreint sjónarmið og lagði áherslu á það að leitað yrði leiða til þess að tryggja að olíuauðurinn nýttist

til þess að byggja upp betra samfélag og forðast að hinn aukni ágangur gagnvart móður náttúru væri aðeins af neikvæðum toga.

Til glöggvunar á stærð sjóðsins og þeim fjármunum sem lagðir eru í hann ár hvert má nefna að árið 2006 var framlag ríkissjóðs til sjóðsins 288,3 milljarðar norskra króna. Það ár uxu heildareignir sjóðsins úr 1399 milljörðum í 1784 milljarða. Af þessum tölum má ráða að sjóðurinn býr yfir firinkröftum á fjármálamörkuðum heimsins og er nú svo komið að sjóðurinn telst annar stærsti lífeyrissjóður veraldar, næstur á eftir Japanska ríkislífeyrissjóðnum (e. Government Pension Fund – GPIF) en sá sjóður ber höfuð og herðar yfir alla aðra sjóði.

Árið 1998 var ákveðið að sjóðurinn, sem þá var metinn á 172 milljarða, tæki að fjárfesta eftir fyrirfram ákveðinni fjárfestingastefnu sem honum var sett með lögum. Var Noregsbanka (n. Norges Bank) falið að annast rekstur sjóðsins og í því tilliti var sjálfstæðri deild komið á fót er skyldi annast umsjón með fjármunum hans. Er þessi sjálfstæða deild bankans oftast nefnd Norges Bank Investment Management (NBIM). Með sérstakri áherslu á áhættustýringu sjóðsins og langtímamarkmið hans í huga var fjárfestingastefnan mörkuð með nákvæmum hætti þar sem hlutfall skuldabréfa og hlutabréfa var fastákveðið og á sama tíma lagt upp með hversu stórt hlutfall fjárfestinganna ætti að liggja í hverri heimsálfu. Er þar unnið út frá ákveðnu staðalmódeli (e. *benchmark portfolio*).

Í kjölfar stofnunar olíusjóðsins spunnust umræður á norska stórþinginu um mikilvægi þess að setja sjóðnum ákveðnar siðareglur er sneru að fjárfestingastefnu hans. Í endurskoðuðum fjárlögum Kjell Magne Bondevik árið 1999 var m.a. fjallað um mikilvægi slíkrar reglusetningar. Þrjú atriði voru sérlega tiltekin í því sambandi:

1. Að leggja til hliðar lítinn hluta sjóðsins til sérstakra fjárfestinga er yrðu ákveðnar á forsendum og í samræmi við sérstök viðmið er tækju til umhverfisverndar.
2. Að atkvæðisréttur er til kæmi vegna hlutabréfaeignar sjóðsins yrði nýttur til þess að stuðla að framgangi mannréttinda og umhverfisvernd.
3. Að banna sjóðnum að fjárfesta í fyrirtækjum er byggðu rekstur sinn fyrst og fremst á tóbaksframleiðslu.

Stórþingið fylgdi aðeins fyrsta hluta tillagna ríkisstjórnarinnar og kom á fót Umhverfissjóðnum (Miljøfondet) hinn 1. janúar árið 2001. Var honum í upphafi lagður til 1 milljarður norskra króna. Fjárfestingastefna hans var ákveðin önnur en sjálfs Olíusjóðsins. Var honum t.d. aðeins heimilt að fjárfesta í hlutabréfum í kauphöllum í sértilgreindum löndum. Þá var leitað til bresks fyrirtækis er sérhæfir sig í ráðgjöf í tengslum við siðrænar fjárfestingar og metur fyrirtæki og siðferðilega stöðu þeirra út frá tilteknum mælikvörðum. Í tilviki Umhverfissjóðsins var miðað við tíu leiðbeinandi atriði er fyrirtæki þurftu að uppfylla, skyldi sjóðurinn fjárfesta í þeim.

Umhverfissjóðurinn var stofnaður í tilraunaskyni til þess að geta með augljósum hætti metið afleiðingar sérstakrar fjárfestingastefnu er legði áherslu á umhverfisvernd. Var ákveðið að frammistaða sjóðsins yrði metin að þremur árum liðnum. Sé litið til ávöxtunar sjóðsins frá 2001-2003 misheppnaðist tilraunin í raun og veru því þrátt fyrir þá tvo milljarði er ríkisstjórnin lagði sjóðnum til á fyrrgreindum árum reyndust eignir hans aðeins vera 1,5 milljarður í árslok 2003. Kom þá m.a. í ljós að „tap á tímum niðursveiflu og aðlögunar var umtalsvert hærra en hagnaður á uppsveiflu- og meðaltímabilum.“ Niðurstaða þess mats sem gert var á Umhverfissjóðnum var þó ekki að öllu leyti neikvætt og margt benti til þess að stofnun hans hafi með ákveðnum hætti stuðlað að aukinni meðvitund um mikilvægi umhverfisverndar meðal eigenda og stjórnenda fyrirtækja. Þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður að vissu marki var tekin ákvörðun um að ekki væri grundvöllur fyrir því að halda sjóðnum gangandi í þeirri mynd sem hann var stofnaður. Var það niðurstaða fjármálaráðuneytisins að réttast væri að fella umhverfissjóðinn inn í Olíusjóðinn sjálfan. Helsta

röksemdin fyrir þeirri ákvörðun fólst í því að þá þegar hafði sérstök nefnd skilað álitinu sínu um sérstakar siðareglur fyrir Olíusjóðinn er tóku m.a. á mikilvægi umhverfisverndar þegar fjárfestingastefna sjóðsins væri ákvörðuð. Taldi ráðuneytið að þær tillögur gengju nægilega langt til þess að standa undir þeim kröfum er ríkið gerði til þeirra fyrirtækja er sjóðurinn ætti hluti í.

Þá nefnd skipaði fjármálaráðherra norsku ríkisstjórnarinnar hinn 30. nóvember 2001, og skyldi hún vera Olíusjóðnum til ráðgjafar um álitamál er tengdust fjárfestingum hans og þeim réttarfarslegu skuldbindingum er norska ríkið hafði undirgengist við samþykkt alþjóðasamninga af ýmsu tagi. Ráðgjafanefndin starfaði til 1. desember 2004 en á starfstíma hennar var Olíusjóðnum einungis einu sinni ráðið frá fjárfestingum í ákveðnu fyrirtæki.

Nefndin lauk störfum er ný ráðgjafanefnd var stofnuð á grundvelli skýrslu (n. *Forvaltning for fremtiden*) sem unnin var undir forystu dr. Hans Petter Graver, lagaprófessors við Oslóarháskóla. Er skýrslan oftast nefnd í höfuðið á formanni nefndarinnar og verður hér eftir vísað til hennar undir heitinu Graver-skýrslan. Er skýrslan einkar yfirgripsmikil og skiptist í sex meginkafla. Fyrstu fimm kaflarnir byggja á umfjöllun um það með hvaða hætti best sé að nálgast það viðfangsefni að tryggja að Olíusjóðurinn sýni siðferðilega ábyrgð í fjárfestingum sínum en sjötti og síðasti kafli skýrslunnar er tillaga nefndarinnar að siðareglum fyrir sjóðinn.

### **Siðferðileg staða sjóðsins**

Í þessu erindi ætla ég sérstaklega að beina sjónum mínum að öðrum kafla skýrslunnar en þar er fengist við þá spurningu hver ábyrgð sjóðsins er, eða öllu heldur þeirra er stýra honum á hverjum tíma. Í raun má segja að stjórn hans sé í höndum norskra kjósenda, enda sækir sjóðurinn heimildir sínar til Stórþingsins og fjármálaráðuneytisins. Í ljósi þess að norska þjóðin er hinn eiginlegi ábyrgðaraðili tekst nefndin til við það verkefni að meta þá ábyrgð sem falist geti

Í sjóði er hefur svo víðtækan hóp eigenda að baki sér. Þessi spurning er einkar áhugaverð þegar litið er til þess breiða hóps sem leggur lífeyrissjóðum hér á landi til fjármuni sína!

Norska þjóðin telur um 4,7 milljónir einstaklinga og það er ekki hægt að benda á einn augljósan grundvöll siðagilda er hún byggir afstöðu sína til siðferðilegrar breytni á. Þrátt fyrir hin fjölbreyttu viðhorf og ólíka afstöðu fólks til siðferðilegra álitamála er þó ekki þar með sagt að algjört afstæði ríki um siðagildi í norsku samfélagi. Í grunninn byggir samfélagið á gildum er allir geta tekið undir, t.a.m. þá fullyrðingu að rangt sé að drepa fólk og stela því sem aðrir eiga. Skiptir þar engu hvort kristið siðgæði eða sáttmálsrök eru höfð að leiðarljósi. Við slíkar aðstæður segir Graver-nefndin að almenn sátt ríki um, því þar eigi skörun viðhorfa sér stað. Þá segir nefndin:

Ef við eigum að tryggja viðvarandi stuðning norsku þjóðarinnar við þann siðferðilega grundvöll er Olfusjóðurinn er reistur á, geta siðareglur sjóðsins ekki byggst á einni ákveðinni pólitískri útsýn eða kenningu sem legið gæti að baki skýrt afmörkuðum pólitískum ákvörðunum af ákveðnum siðfræðilegum toga. [...] Ef okkur á að takast að láta siðareglur sjóðsins spretta af þeim *gildum* er Norsk stefnumörkun byggist á, verðum við að leita uppi þau *helstu grundvallargildi er haldast stöðug yfir lengri tíma* (leturbreytingin er nefndarinnar).

Í kjölfar þessarar niðurstöðu snýr nefndin sér að þeirri áleitnu spurningu hverjum sjóðurinn eða fjárhaldsmenn hans beri siðferðilega ábyrgð gagnvart.

Að mati nefndarinnar er almenn samstaða um þá fullyrðingu að allir menn skuli búa við grundvallarréttindi, óháð stétt sinni og stöðu. Í því er fólgin yfirlýsing þess efnis að ákveðin sammannleg ábyrgð sé til staðar og að hún kristallist í meðvitund mannsins og getu hans til þess að þjást og finna til ánægju. Þó áréttar nefndin að hver einstaklingur beri mismunandi og mismikla ábyrgð gagnvart ólíkum aðilum eða hópum. Almenn er viðurkennt að foreldri beri meiri ábyrgð á barni sínu en barni nágrannans. Um þetta segir segir í niðurstöðu nefndarinnar:

Flestir munu [...] fallast á það að við höfum ákveðnum skyldum að gegna gagnvart fjölskyldumeðlimum, afkomendum, vinum, samverkamönnum eða samlöndum, umfram þær skyldur er við höfum gagnvart öllum mönnum.

Nefndin færir rök fyrir afstöðu sinni í þessum efnum með því að benda á að tengsl, jafnt félagsleg, fjárhagsleg og lagaleg, leggi ákveðnar og jafnvel ríkari skyldur á menn en ella ef engin tengsl væru til staðar.

Þá hafa tengslin við náttúru einnig verið mikið rædd á síðustu árum og mikilvægi þess að stuðla að sjálfbærri nýtingu hennar. Í sjálfu sér tekur Gravernefndin ekki afstöðu til þess hvort náttúran njóti siðferðilegrar stöðu en bendir á að kröfuna um virðingu fyrir henni megi hvort sem er nálgast sem virðingu hennar sjálfrar vegna eða vegna þeirrar ábyrgðar er við þurfum að axla gagnvart komandi kynslóðum og hljóta náttúruna og landið í arf.

Nefndin fjallar þá einnig um þá spurningu hvenær fjárfesting sjóðsins geti falið í sér ábyrgð á þeim þáttum er starfsemi þess fyrirtækis sem fjárfest er í, ganga á svig við siðferðilega rétta breytni. Þó er nefndin afar skýr í þeirri afstöðu sinni að eignarhlutdeild í skuldabréfum eða hlutabréfum fyrirtækja sem líkleg séu til þess að ganga á svig við siðferðileg viðmið, feli í sér hlutdeild í þeim gjörðum. Það komi ekki síst til af þeirri staðreynd að fjárfesting felur í sér tengsl millum fyrirtækja og byggist á ákvörðun sem tekin er af fúsum og frjálsum vilja. Sé þessi afstaða yfirfærð á íslenska lífeyrissjóðakerfið, þá bera sjóðirnir að einhverju leyti ábyrgð á þeim áhrifum sem fyrirtæki sem þeir fjárfesta í, hafa á samfélagið.

Þegar siðferðileg ábyrgð er vegin og metin geta komið upp ákveðnir hagsmunaárekstrar, s.s. milli kröfunnar að virða mannréttindi og kröfunnar um hámarksávöxtun. Því má halda fram með rökum að ákveðnar ákvarðanir sjóðsins er miði að því að tryggja mannréttindi fólks í fjarlægum löndum, muni koma niður á ávöxtun þeirra fjármuna er honum er ætluð umsjón með. Á sjóðnum hvíli aftur sú siðferðilega skylda að ávaxta fjármunina með sem

ríkulegustum hætti. Þó telur nefndin litla hættu á að raunverulegir hagsmunaárekstrar af þessu tagi komi upp og að þá gerist það í afar afmörkuðum tilvikum er muni hafa lítil áhrif á sjóðinn til langs tíma. Í flestum tilvikum muni ákvarðanir er veiti afslátt á grundvallandi réttlætisgildum í von um aukinn hagnað, til lengri tíma hafa neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins rétt eins og annarra fyrirtækja.

Að þessu sögðu segir nefndin að mikilvægt sé að minnast þeirrar staðreyndar að Olíusjóðurinn geti aldrei mætt öllum siðferðilegum skyldum eigenda sinna. Ákveðnum skyldum norsku þjóðarinnar sé betur staðið undir á öðrum vettvangi en þeim er grundvalli siðareglur sjóðsins. Þrátt fyrir það sé mikilvægt að viðurkenna áhrifamátt hans, enda séu fjármunir þeir sem að baki honum séu gríðarlegir og bein og óbein áhrif fjárfestinga hans geti vegið þungt. Formaður siðanefndar sjóðsins telur að hin óbeinu áhrif séu jafnvel hin veigamestu, ekki síst vegna þess að þó sjóðnum sé óheimilt að eiga meira en 5% í hverju því fyrirtæki sem hann fjárfestir í, sé slík eignarhlutdeild hins vegar hlutfallslega stór þegar litið er til stærstu fyrirtækja.

Í lok þriðja kafla skýrslunnar varpar Graver-nefndin fram þremur áhersluatriðum er vísi til mikilvægis þess að Olíusjóðnum séu settar siðareglur. Í fyrsta lagi sé það gert til þess að tryggja ávöxtun sjóðsins til frambúðar, í öðru lagi koma í veg fyrir að sjóðurinn geri norsku þjóðina samábyrga fyrir siðferðilegum brotalömum í öðrum löndum og í þriðja lagi til þess að gera sjóðinn virkan sem stjórnþæki til þess að axla þá siðferðilegu ábyrgð er hvíli á eigendum hans.

### **Siðræn framkvæmd í verki**

Graver-nefndin bendir á það í skýrslu sinni að mikilvægt sé að marka gaumgæfilega þá stefnu sem Olíusjóðnum sé ætlað að taka sem siðferðilega ábyrgur fjárfestingasjóður.

Þegar siðareglum er komið á er lúta að mannréttindum og umhverfisvernd er mikilvægt að líta til alþjóðlegra skýrslna og leiðbeininga. Nefndin bendir í því sambandi sérstaklega á Alheimssamning Sameinuðu þjóðanna, yfirlýsingu

Alþjóða vinnumálastofnunarinnar, verklagsreglur OECD og aðrar þær reglur er settar hafa verið á vettvangi SP er lúta að varðveislu og framgangi mannréttinda í heiminum. Um leið og nefndin bendir sérstaklega á hinar alþjóðlegu samþykktir, fullyrðir hún að norska þjóðin geti í meginatriðum verið sammála því sem þar er lagt fram. Því séu þær afar hagnýtar við það verkefni er felst í setningu siðareglna fyrir Olíusjóðinn.

Á grundvelli þeirra meginreglna er finna má í alþjóðasáttmálum, ásamt frekari nákvæmari fyrirmælum siðareglanna er stjórnendum hans ætlað það hlutverk að vega og meta réttmæti fjárfestinga sjóðsins. Í því sambandi sé nauðsynlegt að meta hverju sinni út frá fyrirliggjandi upplýsingum hvað sé rétt að gera hverju sinni, m.a. hver rétt viðbrögð séu, hvort rétt sé að hverfa frá fjárfestingu eða beita öðrum leiðum til þess að koma í veg fyrir þátttöku í siðlausum gjörðum. Nefndin bendir á að í ákveðnum tilvikum geti reynst nauðsynlegt að viðhalda eignarhluta í fyrirtæki til þess eins að koma í veg fyrir að verri eignaraðili komist að stjórn fyrirtækisins. Með öfugum formerkjum sé einnig hægt að benda á að hlutdeild í eigendahópi geti boðið upp á samstarf við aðra hluthafa með það að leiðarljósi að koma rekstri fyrirtækis á réttan kjöl, hvað siðferðilega stöðu þess varðar. Virk þátttaka á markaði geti, sé þátttökuaðilinn nægilega öflugur, haft áhrif og haft stefnumarkandi áhrif á aðra þá er taka þátt eða hyggja á þátttöku á markaði.

## **Verkfæri sjóðsins**

Graver-nefndin leggur til þriggjaþátta aðferðafræði til þess að tryggja siðferðilega ábyrgð Olíusjóðsins. Byggir hún á:

1. *Virk stjórnun eignarhluta* (eierskapsutøvelse) til þess að tryggja ávöxtun til frambúðar. Það skuli gert á grundvelli GC og verklagsreglum OECD.
2. *Neikvæð skimun* (negativ filtering) þar sem komið er í veg fyrir að fyrirtæki sem framleiða eða koma að framleiðslu vopna sem almennt vinna gegn mannúðarsjónarmiðum, verði hluti af eignasafni Olíusjóðsins.

3. *Stöðutaka gegn* (uttrekk) fjárfestingum í fyrirtækjum sem bjóða augljóslega heim hættunni á þátttöku í einhverjum þeim gjörðum er stangast á við siðferðileg viðmið, t.a.m. mannréttindi og umhverfisvernd. Í stöðutöku gegn fyrirtækjum getur annars vegar fallist ákvörðun um að fjárfesta ekki í fyrirtæki eða að selja eignarhluta sem þá þegar er til staðar í safni sjóðsins.

Þegar litið er til greinargerðar nefndarinnar um fyrsta þátt aðferðafræðinnar er greinilegt að hún telur virka stjórnun eignarhluta vera mjög ákjósanlegan kost fyrir sjóð af þeirri stærð sem Olíusjóðurinn er, þegar litið er til þeirra verkfæra sem hann hefur á að skipa til þess að standa við skyldur sínar. Þó ekki sé víst að einstök fyrirtæki taki mark á kröfum þeim er lagðar eru fram í krafti eignarhlutans, muni þær kröfur er sjóðurinn leggur upp með hafa víðtæk áhrif, ekki síst vegna hins dreifða eignarhluta er hann byggir á og því um leið hversu öflugt eignasafn hans er. Að öðru leyti má segja að hin virka stjórnun eignarhluta sjóðsins eigi að byggja á þeim alþjóðlegu viðmiðum sem áður hefur verið fjallað um í erindinu. Þó telur nefndin mikilvægt að fjármálaráðuneytið setji sér ákveðnar reglur um það með hvaða hætti Olíusjóðurinn beiti virkri eignaraðild sinni. Í þeim yrði sérstaklega litið til hagsmuna þeirra er sjóðnum er ætlað að standa vörð um.

Hin neikvæða skimun byggir á grunsemdum sem vakna um það að eitthvað misjafnt eigi sér stað í rekstri fyrirtækja er í hlut eiga hverju sinni. Tvennt getur komið út úr slíkri skimun, annars vegar það að grunurinn hafi ekki verið á rökum reistur eða hitt að hann sé staðfestur. Séu aðstæður í samræmi við síðarnefndu niðurstöðuna telur Graver-nefndin rétt að Olíusjóðurinn fjárfesti ekki í viðkomandi fyrirtæki, og sé hann þá þegar orðinn eignaraðili að því sé réttast að hann dragi sig út úr eigendahópi þess, falli staða mála ekki undir þær skilgreindu aðstæður þar sem virk stjórnun eignarhluta gæti komið sér betur.

Nefndin bendir á sama tíma á mikilvægi þess að lagðar séu til grundvallar skýrar en almennar reglur um hvaða þættir skuli hafðir í huga þegar fyrirtæki eru skimuð. Þar skuli, rétt eins og áður hefur verið fjallað um, sérstaklega tekið á málefnum er lúta að mannréttindum og umhverfisvernd. Áherslan á mannréttindin tengist ekki síst stöðutöku gegn ósiðlegri vopnaframleiðslu

(kjarnorkuvopn, efna- og sýklavopn, jarðsprengjur o.fl.) og áherslan á umhverfisverndina sé t.d. fólgin í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og mengun er hafi áhrif á lífríki jarðarinnar. Þá leggur nefndin til að sú aðferð sem sjóðurinn beiti við stöðutöku gegn fyrirtækjum verði víðtækari en verið hefur, þ.e. á meðan hin sérstaka ráðgjafanefnd um alþjóðlegar réttarfarslegar skuldbindingar norska ríkisins var að störfum. Þar á nefndin við að tillit verði tekið til annarra sjónarmiða en aðeins þeirra er lytu að lögbrotum og þess í stað leitast við að meta fjárfestingakosti í ljósi siðfræðinnar einnig.

Í þessari nokkuð yfirgripsmiklu – en vonandi ekki of þreytandi – yfirferð um það hvernig Norðmenn hafa hagað sínum málum, reyni ég að sína fram á það að hægt er að taka á siðferðilegum álitamálum í tengslum við rekstur og viðgang lífeyriskerfisins, með skipulegum og heildstæðum hætti. Og það þurfum við svo sannarlega að hefjast handa við að gera hér á landi. Lífeyrissjóðirnir eru mikið hreyfiafl og þeir eru rétt eins og sjóðurinn norski, sameign stórs hluta þjóðarinnar. Það fer í raun vel á því að ræða þessi mál í „Þjóðmenningarhúsi“ því það má segja að starfsemi lífeyrissjóðanna endurspegli þá „viðskiptalegu“ þjóðmenningu sem við mótum með okkur á hverjum tíma. Stjórnarmenn lífeyrissjóðanna eru á hverjum tíma varðmenn þessarar menningar, og það mun enginn geta tekið það hlutverk yfir í þeirra stað.

### **Stuðningur við stjórnarmenn sjóðanna**

En hvað gerum við til þess að tryggja að stjórnarmenn geti risið undir þeirri ábyrgð sem til staðar er, og ég hef reynt að varpa ljósi á í orðum mínum hér á undan?

Setja þarf lífeyrissjóðunum siðareglur, rétt eins og öðrum fyrirtækjum. Það hefur nú þegar verið gert í ákveðnum tilvikum og ber þar helst að nefna lífeyrissjóðinn Stafí og Sameinaða lífeyrissjóðinn, en síðarnefndi sjóðurinn kallaði undirritaðan til ráðgjafar um setningu siðareglna. Er sú vinna sem fram fór á vegum sjóðsins

til fyrirmyndar og getur orðið öðrum sjóðum til eftirbreytni. Nú þarf hins vegar að taka afstöðu til þess hvort eðlilegt að hver sjóður fyrir sig setji sér sínar siðareglur, eða hvort öllum aðildarsjóðum LL verði settar sameiginlegar reglur. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að siðareglur er ekki hægt að setja án þess að víðtæk sátt ríki um innihald þeirra, mark og mið. Þá má einnig hugsa sér að sameiginlegar siðareglur fyrir sjóðina íslensku geti þjónað sínum tilgangi þó sérstakar reglur séu til staða innan sjóðanna sjálfra, en sú fullyrðing byggir auðvitað á þeirri forsendu að ekkert í reglunum, hvorki hinum sameiginlegu, né hinum sameiginlegu, stangist á í meginatriðum. Mikilvægast er að siðareglur verði virkur þáttur í starfsemi sjóðanna því þær gegna fjölpættu hlutverki þegar uppi er staðið. Þær setja starfseminni ekki aðeins ákveðinn ramma, heldur gegna mikilvægu hlutverki við uppfræðslu og þá viðleitni að halda orðræðunni um siðferði, siðgæði og rétta breytni, lifandi.

Þá vaknar aftur sú spurning er tengist tillögum Lífeyrisnefndar ASÍ um það hvernig lífeyrissjóðirnir tryggja best að fjárfestingar á þeirra vegum rísi undir kröfunni um samfélagslega ábyrgð. Hún snýr að því hvort sjóðirnir skipi í framtíðinni siðanefnd er orðið geti þeim til ráðgjafar og stuðnings þegar kemur að álitamálum tengdum fjárfestingum þeirra innanlands og utan. Það er ekki sjálfsagt að sú skipan mála yrði til góðs, enda þarf að skilgreina nákvæmlega með hvaða hætti slík nefnd kæmi að málum, hvert umboð hennar væri og raunverulegt hlutverk. Þá þyrfti nefnd af slíku tagi að vinna eftir fastmótuðum starfsreglum er tryggt gætu með óyggjandi hætti vönduð og ígrunduð vinnubrögð. Ljóst er að þó viðleitnin sé mikil og viljinn til verks til staðar, þá geta íslensku sjóðirnir aldrei komið á fót eins stöndugu kerfi í þessum efnunum og norski lífeyrissjóðurinn hefur gert, til þess hafa þeir hvorki bolmagn né heldur þá samstöðu sem auðveldara reynist að ná fram þegar sjóðurinn er einn, eins og í tilfalli Norðmanna, en ekki margir eins og hér á landi. Allt þarf þetta þó að skoða og siðanefnd gæti orðið sjóðunum að gagni, t.a.m. ef áhöld væru um það hvort fyrirtæki sem sjóðirnir eiga í viðskiptum við, standist þær kröfur sem

sjálfsagt er að gera til samstarfsaðila sjóðanna. Nefndin gæti unnið eftir fyrirfram ákvarðaðri forskrift sem tæki á því hvort sjóðunum væri stætt á því að eiga í viðskiptum við viðkomandi aðila eða ekki.

Því miður gefst ekki tækifæri til þess að reifa með nánari hætti kosti og galla þess að koma á fót siðanefnd fyrir sjóðina hér á landi. En að lokum vil ég varpa fram tillögu sem ég hef lengi talið nauðsynlegt að koma til framkvæmdar. Ég tel mikilvægt að ráðist verði í gerð kynningarefnis, útgáfu leiðarvísis eða ritlings sem yrði þeim einstaklingum sem takast á hendur það hlutverk að sitja í stjórnnum lífeyrissjóða hér á landi, hjálp í því að skilja inntak samfélagsábyrgðar og mikilvægis hennar fyrir viðgang og framtíð sjóðanna. Með því móti væri þessum aðilum gert betur kleift að rísa undir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

Ég þakka áheyrnina og óska Alþýðusambandinu alls góðs í því starfi sem framundan er í þessum efnum.